

## Hluthafafundur ÍSLANDSBANKA HF

### 4. september 2013

Hluthafafundur Íslandsbanka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans, Kirkjusandi 2, 155 Reykjavík, miðvikudaginn 4. september 2013, kl. 15:00.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Breyting á samþykktum
2. Stjórnarkjör
3. Önnur mál

Friðrik Sophusson, formaður stjórnar Íslandsbanka, setti fundinn og bauð hluthafa velkomna. Hann gerði tillögu um að Tómas Sigurðsson stjórnaði fundi. Aðrar tillögur komu ekki fram og tók Tómas við stjórn fundarins. Hann gerði tillögu um að Dagmar Clausen Þórðardóttir ritaði fundargerð og tók Dagmar þegar til starfa. Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins. Til fundarins var boðað með tölvupósti til allra hluthafa þann 28. ágúst 2013. Fundurinn var sóttur af hálfu allra hluthafa. Fundarstjóri lýsti fundinn lögmætan, enda var löglega til hans boðað og hann sóttur af hálfu allra hluthafa í féluginu og því bær til að taka ákvörðun um þau málefni sem greind eru á dagskrá.

#### 1. Tillögur til breytinga á samþykktum

Fundarstjóri bar fram eftirfarandi tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins:

##### 1. Breytingartillaga á 8. gr. samþykktta félagsins:

8. gr. samþykktta félagsins verði breytt til samræmis við orðalag 88. gr. laga um hlutafélög um frest til boðunar á hluthafafundum og aðalfundum. 8. gr. samþykktta félagsins orðist svo:

„Hluthafafundi skal boða með almennri auglýsingu lengst fjórum vikum fyrir fund og skemmt viku fyrir fund, nema boða skal til aðalfundar með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.“

##### 2. Breytingartillaga á 10. gr. samþykktta félagsins:

Við 10. gr. samþykktta félagsins bætist nýr töluliður, sem kveði á um að starfskjarastefna félagsins skuli samþykkt á aðalfundi. 10. gr. samþykktta félagsins orðist svo:

„Á aðalfundi félagsins skulu þessi mál tekin fyrir:

1. Skýrsla stjórnar félagsins.
2. Staðfesting efnahagsreiknings og rekstrarreiknings fyrir næstliðið rekstrarár.
3. Hvernig skuli fara með hagnað eða tap félagsins á næstliðnu rekstrarári.
4. Kosning stjórnarmanna.
5. Kosning endurskoðanda.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna fyrir störf þeirra.
7. Samþykkt starfskjarastefnu.

8. Önnur mál.“

### **3. Breytingartillaga á 14. gr. samþykkta félagsins:**

14. gr. samþykkta félagsins verði breytt, þannig að stjórnarmönnum sé fjölgæð í 9 og að þar skuli kveðið á um 40% lágmarkshlutfall hvors kyns í stjórninni. 14. gr. samþykkta félagsins orðist svo:

„Stjórn félagsins skal skipuð níu mönnum og að minnsta kosti tveimur til vara. Hlutfall hvors kyns í stjórn skal ekki vera lægra en 40%. Formann skal kjósa sérstaklega en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér störfum.“

### **4. Breytingartillaga á 5. mgr. 15. gr. samþykkta félagsins:**

5. mgr. 15. gr. samþykkta félagsins verði breytt, þannig að falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum í fjarveru formanns, skuli atkvæði varaformanns ráða úrslitum. 5. mgr. 15. gr. samþykkta félagsins orðist svo:

„Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða afgreiðslu mála samkvæmt einföldum meiri hluta. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum og varaformanns í fjarveru formanns.“

Tillögurnar voru allar samþykktar með atkvæði allra hluthafa.

## **2. Stjórnarkjör**

Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim tilnefningum hluthafa til stjórnar Íslandsbanka hf. og varastjórnar lagðar fyrir hluthafafund þann 4. september 2013. Engin mótframboð komu fram og eru því eftirtaldir aðilar sjálfkjörnir stjórnarmenn Íslandsbanka.

### **1.1. Kjör nýrra aðalmanna:**

Nýir aðalmenn kjörnir í stjórn Íslandsbanka hf.:

Helga Valfells  
Þóranna Jónsdóttir

### **1.2. Kjör nýs varamanns:**

Nýr varamaður kjörinn í stjórn Íslandsbanka hf.:

Gunnar Fjalar Helgason

### **1.3. Skipan stjórnar eftir stjórnarkjör:**

Hluthafafundur staðfestir að stjórn og varastjórn félagsins er skipuð þannig:

Friðrik Sophusson, formaður

Árni Tómasson, stjórnarmaður  
Neil Brown, stjórnarmaður  
Helga Valfells, stjórnarmaður  
Daniel Levin, stjórnarmaður  
John E Mack, stjórnarmaður  
María E. Ingvadóttir, stjórnarmaður  
Þórnna Jónsdóttir, stjórnarmaður  
Marianne Økland, stjórnarmaður

Gunnar Fjalar Helgason, varamaður í stjórn  
Jón Eiríksson, varamaður í stjórn

Skipun stjórnar í samræmi við framangreint var samþykkt með atkvæði allra hluthafa.

### 3. Önnur mál

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 15:20.

Fundurinn samþykkti ósk fundarstjóra um heimild til þess að fá að ganga frá fundargerð með fundarritara í kjölfar fundarins og senda fundargerðina til hluthafa í tölvupósti.

**Fundarstjóri**  
  
Tómas Sigurðsson

Fundarritari

  
Dagmar Clausen Þórðardóttir